

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. maí 2014
Tilvísun: UST20140500032/ksj

Tillaga að deiliskipulagi lóðar 47 á jörðinni Ketilhúshagi, Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi frístundalóðar nr. 47 í landi Ketilhúshaga í Rangárþingi ytra. Lóð nr. 47 í landi Ketilhúshaga er alls 4,92 ha spilda. Lóðin er í sumarhúsahverfi á ríkisjörð sem er staðsett vestan Hróarslækjar. Lóð 47 er grasi grón og með ræktuðum skógi.

Framkvæmdir

Á lóðinni er heimilt að byggja frístundahús allt að 200 m², gestahús allt að 80 m², aðstöðuhús allt að 50 m², áhalda- og geymsluhús allt að 80 m² og gróðurhús allt að 60 m². Samtals eru þetta allt að 500 m² og hæsta mænishæð er 7 m. Að mati Umhverfisstofnunar er hér í deiliskipulagi gert ráð fyrir miklum framkvæmdum á frístundalóð.

Fjarlægð frá Hróarslæk

Mállínur er sýni fjarlægðir byggingarreita frá Hróarslæk skortir á uppdrátt, svo erfitt er að segja til um fjarlægð áætlaðra framkvæmda frá Hróarslæk. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram hver fjarlægð framkvæmda skal vera frá ám, sjó og vötnum en þar segir í gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó. "Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirkni nær vötnum, ám eða sjó en 50 m." Þar af leiðandi eru framkvæmdir ekki leyfðar nær Hróarslæk en 50 m. Einnig bendir Umhverfisstofnun að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að hindra ferðir gangandi manna meðfram ám, vötnum og sjó, þannig að gera þarf ráð fyrir rými fyrir gangandi meðfram Hróarslæk.

Virðingarfyllst

Kristin S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun